

um landsútsvör.

Flm.: Geir Gunnarsson, Gunnar Jóhannsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, sem miði að því, að fyrirtæki og stofnanir, er teljast reka þjónustustarfsemi, sem nái til landsins alls, svo sem skipafélög, heilðsöluþyrir-tæki, bankar, útflutningssamtök, tryggingafélög, verzlunarstofnanir ríkisins o. fl., greiði hér eftir útsvör í sérstakan sjóð, sem skiptist milli sveitarfélaga í landinu.

Greinargerð.

Ýmsar ráðstafanir hafa á undanförunum árum verið gerðar til þess, að tekjur manna geti orðið sem jafnastar án tillits til þess, hvar á landinu þeir búa. Kemur þar hvort tveggja til, barátta verkalýðssamtakanna fyrir sama tímakaupi um land allt og ráðstafanir ríkisvaldsins og sveitarfélaga í atvinnumálum. Jafnrétti í launamálum er þó ekki einhlítt til þess, að samsvarandi stéttir deili sömu kjörum um land allt. Afkoma manna ræðst ekki af laununum einum saman, og jafnrétti um lögboðin útgjöld er stórum minna en um tekjur. Eigi ráðstafanir til jafnréttis landsbúa að vera raunhæfar, þurfa þær því einnig að taka til lögboðinna útgjalda. Skattar til ríkisins eru jafnir, hvar sem er á landinu, en útsvarsstigar mjög mismunandi og enda líka sú þjónusta, sem sveitarfélög veita.

Í dreifðum byggðum er ekki unnt að koma við ýmissi þjónustu, sem um er að ræða í þéttbýli, og fer þar því eðlilega saman minni þjónusta og lægri útsvör. Ekki stafa þó mismunandi útsvarsstigar af þessu einu saman, heldur kemur og til ójöfn aðstaða sveitarfélaga til þess að sjá fyrir fjárþörf sinni með öðru móti en útsvarsálagningu á einstaklinga. Að hve miklu leyti sveitarfélag getur hlífzt við háum útsvarsstiga einstaklinga, ræðst ekki sízt af fjölda fyrirtækja í sveitarfélaginu og afkomu þeirra. Hlutfallið milli þess fjár, sem hvert sveitarfélag fær annars vegar frá stofnunum og fyrirtækjum og hins vegar frá almenningi, ræður miklu um, hversu háan útsvarsstiga einstaklingar búa við, og þótt margt annað komi til, þá er mismæmi í þessu hlutfalli milli sveitarfélaga ein aðalorsökkin til mishárra útsvarsstiga á einstaklingum eftir því, hvar þeir búa. Eitt af því, sem raskar verulega þessu hlutfalli innbyrðis milli sveitarfélaga og veldur því, að útsvarsstigar á einstaklingum eru misháir, er það, að þau njóta ekki jafnt útsvara fyrirtækja, sem inna af hendi þjónustu, sem nær til landsins alls, heldur greiða þessi fyrirtæki samkvæmt núgildandi útsvarslögum útsvar þar, sem þau eru staðsett. Flm. þingsályktunartillögu þessarar telja óeðlilegt, að einstök sveitarfélög njóti ein útsvarsgreiðslna frá þessum landsfyrirtækjum, þar sem sú hækkun á þjónustugjaldi þeirra, sem af útsvarsálagningunni leiðir, er greidd af landsbúum öllum.

Sá háttur, sem nú er á hafður um útsvarsálagningu á landsfyrirtæki til einstakra sveitarfélaga, stuðlar að því, að landsmenn búi við misrétti um lögboðin útgjöld. Er því hér lagt til, að ríkisstjórninni verði falið að láta undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, sem miði að því, að áminnt fyrirtæki og stofnanir greiði útsvör í sérstakan sjóð, sem skiptist milli allra sveitarfélaga í landinu. Telja flm., að lagasetning í þá átt mundi stuðla að því, að afkoma einstaklinga og sveitarfélaga verði sem jöfnust um land allt. Meðal þeirra stofnana, sem lagt er til að greiði útsvör í fyrirnefndan sjóð, eru bankar, en þeir hafa til þessa ekki þurft að greiða útsvör.

Fylgiskjal.

I. Ábending fulltrúafundar kaupstaða á Vestur-, Norður- og Austurlandi 15. og 16. sept. 1955 um tekjustofna bæjarfélaga:

3. Lögð verði útsvör á ýmsar stofnanir, sem ekki eru bundnar við ákveðin sveitarfélög, svo sem ríkiseinkasölur, samvinnusambönd, tryggingafélög, sölusambönd, bankar o. s. frv.

Útsvör þessi renni í sérstakan sjóð, sem gangi til sveitar- og bæjarfélaga samkv. reglum, er þar um verða settar.

II. Samþykkt fulltrúafundar kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi 12.—14. sept. 1958:

1. A. Fulltrúafundur kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi, haldinn á Sauðárkróki 12.—14. sept. 1958, telur, að ekki verði lengur komizt hjá, að endurskoða verði lög in um útsvör og önnur lög, sem snerta útsvör. Telur fundurinn eðlilegt, að ný útsvarslöggjöf feli í sér m. a. eftirfarandi:
 - A. Stofnanir, sem ekki eru í starfsemi sinni bundnar ákveðnum sveitarfélögum, svo sem ríkiseinkasölur, samvinnusambönd og bankar, skulu greiða útsvör, er renna skulu í sérstakan sjóð, sem gangi til að standa undir ákveðnum útgjöldum, sem nú hvíla á sveitarfélögum.